

Garðabær-Bæjarskrifstofur
b/t Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 21. maí 2019
UST201904-267/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Garðahraun efra - Garðabæ

Vísað er til erindis Sólveigar Helgu Jóhannsdóttur skipulagsfræðings hjá sveitarfélagini Garðabæ er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag 58,3 ha svæði fyrir Garðahraun efra sem er friðlýst svæði sem fólkvangur. Auk þess kemur fram að megin markmið deiliskipulagsins er að vernda jarðminjar, gróðurfar og fuglalíf, samhliða því að stýra aðgengi um hraunið og veita fræðslu um náttúrufar og menningarmínjar á svæðinu.

Friðlýsingarskilmálar

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn varðandi lýsingu á deiliskipulagstillögu fyrir Garðahraun efra og bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á framkvæmdirnar í skilningi 11. mgr. friðlýsingarskilmála þar sem fjallað er um landnotkun og mannvirkjagerð, en þar segir: „*Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka fólkvangsins eru óheimilar nema með leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.*“

Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 2. gr. friðlýsingarskilmála.

Í greinargerð kemur fram að leitað verður leyfis Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar sbr. 61.gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að leita þarf leyfis stofnunarinnar í samræmi við 11. gr. friðlýsingaskilmála svæðisins.

Forsendur og gestir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis og áningarástaða, umfang göngustíga og vali á yfirborðsefnum stíga.

Samráð

Í greinargerð kemur fram að í vinnu við deiliskipulagið verður haft samráð við Umhverfisstofnun um útfærslur skipulagsins og metið á staðnum lega stíga o.fl. sem skipulagið gerir ráð fyrir. Umhverfisstofnun telur þetta jákvætt þar sem að stofnuninni veitir leyfi til framkvæmda sbr. 11. gr. friðlýsingaskilmála svæðisins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur